# SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
# 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2023

# EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........ 5

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Eiginfjáryfirlit ........ 8

Sjóðstreymisyfirlit ........ 9

Skýringar ........ 10

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið") er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 39 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

## Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 2.737 millj. kr. (2022/23: 3.304 millj. kr.). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 6.993 millj. kr. (2022/23: 7.037 millj. kr). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 75.487 millj. kr. (árslok 2022/23: 72.007 millj. kr.). Eigið fé í lok tímabilsins nam 27.381 millj. kr. (árslok 2022/23: 27.931 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 36,3% (árslok 2022/23: 38,8%).

Rekstur á nýliðnum ársfjórðungi gekk vel og var nokkuð umfram áætlanir. Ástæðuna má einkum rekja til sterkari afkomu hjá Olís en auk þess eru aukin umsvif hjá öðrum rekstrareiningum Haga. Aukin velta í dagvöru hefur annars vegar verið drifin áfram af áhrifum verðbólgu og hins vegar auknum umsvifum, en seldum stykkjum hefur fjölgað og viðskiptavinir heimsækja verslanirnar oftar en áður. Í eldsneytishluta samstæðunnar hefur velta dregist töluvert saman, vegna áhrifa lækkandi eldsneytisverðs, en seldum lítrum fjölgaði lítillega á fjórðungnum. Framlegðarhlutfall samstæðunnar á fjórðungnum hækkar milli ára sem rekja má til Olís en framlegðarhlutfall í dagvöru stendur í stað.

Þann 31. ágúst 2022 komu til framkvæmda viðskipti Haga með Klasa. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna námu 966 millj. kr. og voru færð sem hagnaður af sölu eigna á öðrum ársfjórðungi fyrra árs. Viðskiptin hafa því áhrif á afkomu samstæðunnar á samanburðarári.

Í september síðastliðnum var tilkynnt um breytingar sem verða á framkvæmdastjórn samstæðunnar frá og með næstu áramótum. Þá mun Björgvin Víkingsson taka við starfi framkvæmdastjóra Bónus af Guðmundi Marteinssyni en hann lætur af störfum eftir ríflega 30 ár hjá félaginu.

Í janúar 2023 gerðu Hagar kaupsamning, með fyrirvörum, við eigendur Dista ehf. um kaup á öllu hlutafé heildverslunarinnar. Hagar hafa nú fallið frá samningnum og kemur hann því ekki til framkvæmda.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2023/24 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 12.250-12.750 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð til langs tíma. Þá er aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. einnig tryggður. Þá hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu en útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið horfi í meira mæli til markaðsfjármögnunar á næstu misserum en til marks um það var gefinn út nýr skuldabréfaflokkur HAGA120926 1 í september síðastliðnum.

## Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.106 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 1.055 í byrjun rekstrarársins og 1.022 í lok ágúst 2023.

Þann 1. júní 2023 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% af hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.475 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 13. júní 2023. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,2 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 28. júní 2023 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.133 millj. kr. að nafnverði í 1.106 millj. kr. að nafnverði.

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2023 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árshlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Reykjavík, 18. október 2023

*Stjórn:*

____________________________

Davíð Harðarson, formaður

____________________________

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

____________________________

Eiríkur S. Jóhannsson, meðstjórnandi

____________________________

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

____________________________

Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

*Forstjóri:*

____________________________

Finnur Oddsson

# KÖNNUNARÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2023. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 18. október 2023

*PricewaterhouseCoopers ehf.*

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU
# 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2023

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur* 2023 1.6.-31.8. | 2022 1.6.-31.8. | Fyrri árshelmingur 2023 1.3.-31.8. | 2022 1.3.-31.8. |
|---|---|---|---|---|---|
| Vörusala | | 45.309 | 43.399 | 86.799 | 81.612 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 35.406) | ( 35.016) | ( 68.824) | ( 65.665) |
| **Framlegð** | | 9.903 | 8.383 | 17.975 | 15.947 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 210 | 147 | 404 | 349 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 0 | 882 | 0 | 882 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 3.881) | ( 3.438) | ( 7.813) | ( 6.881) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.760) | ( 1.605) | ( 3.573) | ( 3.260) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 4.472 | 4.369 | 6.993 | 7.037 |
| Afskriftir | 7 | ( 1.353) | ( 1.099) | ( 2.482) | ( 2.120) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 3.119 | 3.270 | 4.511 | 4.917 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | ( 639) | ( 426) | ( 1.265) | ( 970) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 109 | 94 | 149 | 138 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 2.589 | 2.938 | 3.395 | 4.085 |
| Tekjuskattur | | ( 505) | ( 560) | ( 658) | ( 781) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 2.084 | 2.378 | 2.737 | 3.304 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 1,88 | 2,10 | 2,47 | 2,92 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 1,84 | 2,03 | 2,42 | 2,84 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. ÁGÚST 2023

| | Skýr. | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 22.386 | 21.236 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 3.866 | 3.402 |
| Óefnislegar eignir | | 12.693 | 12.430 |
| Leigueignir | 9 | 8.842 | 8.287 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 4.990 | 5.064 |
| Aðrar langtímaeignir | | 239 | 83 |
| Fastafjármunir samtals | | 53.016 | 50.502 |
| | | | |
| Vörubirgðir | 10 | 12.020 | 12.717 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 11 | 7.725 | 5.919 |
| Handbært fé | | 2.726 | 2.869 |
| Veltufjármunir samtals | | 22.471 | 21.505 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 75.487 | 72.007 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.106 | 1.119 |
| Annað bundið eigið fé | 12 | 6.497 | 7.290 |
| Óráðstafað eigið fé | | 19.778 | 19.522 |
| Eigið fé samtals | | 27.381 | 27.931 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 13 | 11.891 | 11.829 |
| Leiguskuldir | 14 | 7.530 | 7.056 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.855 | 2.216 |
| Langtímaskuldir samtals | | 22.276 | 21.101 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 13 | 4.966 | 3.325 |
| Leiguskuldir | 14 | 2.125 | 2.012 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 15 | 18.739 | 17.638 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 25.830 | 22.975 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 48.106 | 44.076 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 75.487 | 72.007 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT
# 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2023

| | Skýr. | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2022* | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2022 .............................. | | 1.139 | 1.147 | 5.571 | 18.869 | 26.726 |
| Endurkaup á eigin bréfum ...................... | | ( 7) | ( 493) | | | ( 500) |
| Endurkaup á eigin bréfum - ógild .......... | | ( 6) | ( 494) | | | ( 500) |
| Heildarhagnaður tímabilsins .................. | | | | | 3.304 | 3.304 |
| Breyting á bundnu eigin fé ..................... | 12 | | | ( 104) | 125 | 21 |
| Greiddur arður, 2,00 kr. á hlut ............... | | | | | ( 2.265) | ( 2.265) |
| Eigið fé 31. ágúst 2022 .......................... | | 1.126 | 160 | 5.467 | 20.033 | 26.786 |
| *Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2023* | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2023 .............................. | | 1.119 | 0 | 7.290 | 19.522 | 27.931 |
| Endurkaup á eigin bréfum ...................... | | ( 13) | | | ( 820) | ( 833) |
| Heildarhagnaður tímabilsins .................. | | | | | 2.737 | 2.737 |
| Breyting á bundnu eigin fé ..................... | 12 | | | ( 793) | 814 | 21 |
| Greiddur arður, 2,24 kr. á hlut ............... | | | | | ( 2.475) | ( 2.475) |
| Eigið fé 31. ágúst 2023 .......................... | | 1.106 | 0 | 6.497 | 19.778 | 27.381 |

Þann 1. júní 2023 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% af hagnaði síðasta reikningsárs eða samtals 2.475 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 13. júní 2023.

Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,2 millj. kr. og varð skráð hlutafé eftir lækkun því 1.106 millj. kr. Félagið á engin eigin bréf í lok tímabils.

Þann 30. ágúst 2023 keypti félagið eigin bréf að nafnverði 7,2 millj. kr. með uppgjörsdegi og afhendingu þann 1. september 2023.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT
# 1. MARS TIL 31. ÁGÚST 2023

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur* 2023 1.6.-31.8. | Annar ársfjórðungur* 2022 1.6.-31.8. | Fyrri árshelmingur 2023 1.3.-31.8. | Fyrri árshelmingur 2022 1.3.-31.8. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 2.084 | 2.378 | 2.737 | 3.304 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður | | ( 78) | ( 926) | ( 146) | ( 994) |
| Afskriftir | 7 | 1.353 | 1.099 | 2.482 | 2.120 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 639 | 426 | 1.265 | 970 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 109) | ( 94) | ( 149) | ( 138) |
| Tekjuskattur | | 505 | 560 | 658 | 781 |
| Aðrir liðir | | 35 | 35 | 35 | 35 |
| Veltufé frá rekstri | | 4.429 | 3.478 | 6.882 | 6.078 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 1.483) | ( 1.466) | ( 1.123) | ( 3.066) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 264 | 1.273 | 1.448 | 2.732 |
| Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt | | 3.210 | 3.285 | 7.207 | 5.744 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 20 | ( 1) | 30 | 4 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 547) | ( 350) | ( 996) | ( 696) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 232) | ( 149) | ( 455) | ( 297) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.451 | 2.785 | 5.786 | 4.755 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 776) | ( 488) | ( 2.554) | ( 992) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 117 | 4 | 299 | 114 |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | | ( 31) | 0 | ( 504) | 0 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 152) | ( 91) | ( 435) | ( 203) |
| Móttekinn arður frá hlutdeildarfélögum | | 244 | 174 | 244 | 174 |
| Seldur eignarhlutur í dótturfélagi | | 0 | 50 | 0 | 50 |
| Langtímaeignir, breyting | | ( 179) | ( 2) | ( 177) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 777) | ( 353) | ( 3.127) | ( 857) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Keypt eigin bréf | | 0 | ( 500) | ( 833) | ( 1.000) |
| Greiddur arður | | ( 2.475) | ( 2.265) | ( 2.475) | ( 2.265) |
| Afborganir langtímalána | 13 | ( 110) | ( 101) | ( 221) | ( 226) |
| Leiguskuld afborganir | 14 | ( 469) | ( 431) | ( 923) | ( 842) |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breyting | | 1.150 | 1.747 | 1.650 | 1.747 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.904) | ( 1.550) | ( 2.802) | ( 2.586) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 230) | 882 | ( 143) | 1.312 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 2.956 | 1.213 | 2.869 | 783 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 2.726 | 2.095 | 2.726 | 2.095 |
| **Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Söluverð fasteigna | | 0 | 3.403 | 0 | 3.403 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | 0 | ( 3.403) | 0 | ( 3.403) |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.
* Ekki kannað

# SKÝRINGAR

## 1. Félagið

Hagar hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2023 til 31. ágúst 2023 hefur að geyma samstæðu árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar" og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 16.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2023.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 18. október 2023.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2023. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2023 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur leggja mat á smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

## 6. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| *Fyrri árshelmingur 2023/24* | Verslanir og vöruhús | Olís ehf. | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 59.633 | 27.694 | ( 528) | 86.799 |
| Aðrar rekstrartekjur | 405 | 128 | ( 129) | 404 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 60.038 | 27.822 | ( 657) | 87.203 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | ( 55.066) | ( 25.801) | 657 | ( 80.210) |
| **EBITDA starfsþátta** | 4.972 | 2.021 | 0 | 6.993 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 1.963) | ( 519) | 0 | ( 2.482) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 40 | 109 | 0 | 149 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 3.049 | 1.611 | 0 | 4.660 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 995) | ( 270) | 0 | ( 1.265) |
| Tekjuskattur | | | | ( 658) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 2.737 |
| **31. ágúst 2023** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 52.252 | 23.235 | 0 | 75.487 |
| **Eignir samtals** | | | | 75.487 |
| Skuldir starfsþátta | 37.105 | 11.001 | 0 | 48.106 |
| **Skuldir samtals** | | | | 48.106 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 2.737 | 457 | 0 | 3.194 |

| *Fyrri árshelmingur 2022/23* | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 51.170 | 31.268 | ( 826) | 81.612 |
| Aðrar rekstrartekjur | 607 | 742 | ( 118) | 1.231 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 51.777 | 32.010 | ( 944) | 82.843 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | ( 47.333) | ( 29.417) | 944 | ( 75.806) |
| **EBITDA starfsþátta** | 4.444 | 2.593 | 0 | 7.037 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 1.675) | ( 445) | 0 | ( 2.120) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 9 | 129 | 0 | 138 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 2.778 | 2.277 | 0 | 5.055 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 922) | ( 48) | 0 | ( 970) |
| Tekjuskattur | | | | ( 781) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 3.304 |
| **31. ágúst 2022** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 47.917 | 22.164 | 0 | 70.081 |
| **Eignir samtals** | | | | 70.081 |
| Skuldir starfsþátta | 32.248 | 11.047 | 0 | 43.295 |
| **Skuldir samtals** | | | | 43.295 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 785 | 296 | 0 | 1.081 |

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2023 1.6.-31.8. | 2022 1.6.-31.8. | 2023 1.3.-31.8. | 2022 1.3.-31.8. |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 714 | 563 | 1.246 | 1.064 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 22 | 18 | 41 | 38 |
| Afskriftir leigueigna | 489 | 440 | 955 | 865 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 93 | 55 | 171 | 96 |
| Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf. | 35 | 23 | 69 | 57 |
| Afskriftir samtals | 1.353 | 1.099 | 2.482 | 2.120 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2023 1.6.-31.8. | 2022 1.6.-31.8. | 2023 1.3.-31.8. | 2022 1.3.-31.8. |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 20 | 0 | 30 | 8 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 510) | ( 459) | ( 1.005) | ( 850) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | ( 145) | ( 124) | ( 276) | ( 247) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 655) | ( 583) | ( 1.281) | ( 1.097) |
| Gengismunur | ( 4) | 157 | ( 14) | 119 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 639) | ( 426) | ( 1.265) | ( 970) |

## 9. Leigueignir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 14.

| Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins: | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Leigueignir í upphafi tímabils | 8.287 | 8.151 |
| Nýir samningar | 913 | 974 |
| Verðbætur | 533 | 886 |
| Afskriftir | ( 955) | ( 1.761) |
| Aðrar breytingar samninga | 64 | 37 |
| Leigueignir í lok tímabils | 8.842 | 8.287 |

## 10. Vörubirgðir

| Vörubirgðir greinast þannig: | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Matvara | 5.697 | 5.637 |
| Sérvara | 2.115 | 1.922 |
| Eldsneyti | 3.842 | 4.999 |
| Vörur í flutningi | 366 | 159 |
| Vörubirgðir samtals | 12.020 | 12.717 |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 280 | 222 |

## 11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 6.619 | 5.187 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 219) | ( 200) |
| Gjaldmiðlaskiptasamningur | 134 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 330 | 267 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 6.864 | 5.254 |
| Greiðslukortakröfur | 861 | 665 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 7.725 | 5.919 |

## 12. Eigið fé

Bundið eigið fé greinist þannig:

| | Lögbundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildarreikningur | Bundinn eiginfjárreikningur | Bundið eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bundið eigið fé 1. mars 2022 | 285 | 5.274 | 12 | 5.571 |
| Breyting á varasjóð | ( 2) | 0 | 0 | ( 2) |
| Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga | 0 | 0 | 21 | 21 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | ( 123) | 0 | ( 123) |
| Bundið eigið fé 31. ágúst 2022 | 283 | 5.151 | 33 | 5.467 |
| | | | | |
| Bundið eigið fé 1. mars 2023 | 283 | 6.974 | 33 | 7.290 |
| Breyting á varasjóð | ( 6) | 0 | 0 | ( 6) |
| Áfallinn kostnaður v. kaupréttarsamninga | 0 | 0 | 21 | 21 |
| Breyting á hlutdeildarreikningi | 0 | ( 808) | 0 | ( 808) |
| Bundið eigið fé 31. ágúst 2023 | 277 | 6.166 | 54 | 6.497 |

## 13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta 31.8.2023 | Vegið meðaltal vaxta 28.2.2023 | Eftirstöðvar 31.8.2023 | Eftirstöðvar 28.2.2023 |
|---|---|---|---|---|
| Langtímaskuldir í ISK, óverðtryggðar | 7,68% | 6,17% | 6.228 | 6.336 |
| Langtímaskuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 6.099 | 5.938 |
| Víxilskuldir í ISK | 9,45% | 7,25% | 2.900 | 1.080 |
| Lánalína í ISK | 10,83% | 8,10% | 1.630 | 1.800 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 16.857 | 15.154 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | | ( 4.966) | ( 3.325) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 11.891 | 11.829 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 4.966 | 3.325 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 2.936 | 2.940 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 446 | 446 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 457 | 456 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 470 | 466 |
| Afborganir síðar | 7.582 | 7.521 |
| Samtals | 16.857 | 15.154 |

Breyting vaxtaberandi skulda á tímabilinu greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir í upphafi tímabils | 15.154 | 12.171 |
| Afborganir langtímalána | ( 221) | ( 492) |
| Breyting á víxilskuldum | 1.820 | 1.080 |
| Breyting á lánalínu | ( 170) | 1.800 |
| Verðbætur | 274 | 595 |
| Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils | 16.857 | 15.154 |

## 14. Leiguskuldir

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Leiguskuldir í upphafi tímabils | 9.068 | 8.884 |
| Nýir samningar | 913 | 974 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | ( 923) | ( 1.713) |
| Verðbætur | 533 | 886 |
| Aðrar breytingar samninga | 64 | 37 |
| Leiguskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | 9.655 | 9.068 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | ( 2.125) | ( 2.012) |
| Leiguskuldir til langtíma í lok tímabils | 7.530 | 7.056 |

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

| | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 2.125 | 2.012 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 1.891 | 1.712 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 1.650 | 1.537 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 1.149 | 1.238 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 887 | 877 |
| Afborganir síðar | 1.953 | 1.692 |
| Samtals | 9.655 | 9.068 |

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 1.199 millj. kr. á tímabilinu (2022/23: 1.089 millj. kr.).

## 15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | 1.179 | 1.150 |
| Gjaldmiðlasamningur | 0 | 14 |
| Viðskiptaskuldir | 14.530 | 13.141 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 3.030 | 3.333 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 18.739 | 17.638 |

## 16. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í upphafi og lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

| | | Eignarhlutur | |
|---|---|---|---|
| | Staðsetning | 31.8.2023 | 28.2.2023 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olís ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Stórkaup ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Eldum rétt ehf. | Ísland | 100% | 100% |

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

| *Viðskipti við tengda aðila* | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Viðskipti við tengda aðila eru við hlutdeildarfélög og greinast þannig: | **1.3.-31.8.** | **1.3.-31.8.** |
| Seldar vörur og þjónusta | 191 | 93 |
| Keyptar vörur og þjónusta | ( 1.102) | ( 996) |
| Viðskiptakröfur í lok tímabils | 9 | 2 |
| Viðskiptaskuldir í lok tímabils | ( 197) | ( 113) |

## 18. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Rekstur** | **1.3.-31.8.** | **1.3.-31.8.** |
| Hagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu) | 8,1% | 8,6% |
| Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu) | 9,0% | 8,4% |
| Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu) | 4,1% | 4,0% |
| Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða) | 11,0 | 10,8 |
| Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum | 12,9 | 12,0 |
| **Efnahagur** | **31.8.2023** | **28.2.2023** |
| Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir) | 0,87 | 0,94 |
| Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir) | 0,40 | 0,38 |
| Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) | 2,0 | 1,8 |
| Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir) | 36,3% | 38,8% |
| Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé) | 24,76 | 24,96 |